



**AÐALSKIPULAG GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS
2020-2032**

Skipulagslýsing – Hallkelshólar

21.06.2024





SKIPULAGSLÝSING

SKJALALYKILL

109475-LYS-001-V01

HÖFUNDUR

BRE / MS

RÝNT

ABH

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Skipulagssvæðið	5
3	TENGL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032	6
3.2	Landsskipulagsstefna 2024-2038 – tillaga að þingályktun	7
3.3	Deiliskipulag	7
4	UMHVERFISSKÝRSLA	8
4.1	Valkostir	8
4.2	Umhverfisþættir og áherslur	8
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	10
5.1	Umsagnaraðilar	10
5.2	Skipulagsferli	10

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag fyrir fiskeldi að Hallkelshólmum. Svæðið sem um ræðir er Hallkelshólar lóð (L168514) og er skilgreint sem I13 í gildandi Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Heildarstærð deiliskipulagssvæðis er um 14 ha. Leyfi er fyrir allt að 135 tonna framleiðslu á laxaseiðum með 100 tonna hámarkslífsmassa.

Unnin hefur verið fyrirspurn um matsskyldu fyrir eldi á laxaseiðum að Hallkelshólmum og liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar fyrir dags. 19. október 2021. Niðurstöður Skipulagsstofnunar er að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Svæðið er þegar byggt og fyrirhugaðar eru viðbætur og viðhald mannvirkja fyrir starfsemi fiskeldis.

1.1 Skipulagslýsing

Skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag er unnin í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 5.2. í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulagslýsingunni er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Markmið deiliskipulagsins er að setja ramma utan um uppbyggingu svæðisins til framtíðar, m.a. með afmörkun byggingarreita, bílastæða og aðkomu eftir því sem við á. Nánar verður fjallað um vatnstöku og fráveitumál í deiliskipulagi. Settar verða fram mótvægisáðgerðir vegna hugsanlegra umhverfisáhrifa og skilmálar settir um umfang, útlit og yfirbragð mannvirkja.

2.1 Skipulagssvæðið

Aðkoma er af Biskupstungnabraut (35), upp Búrfellsveg (351) og um heimreið Hallkelshóla. Eldisstöðin er staðsett á landbúnaðarlandi í Grímsnesi og er umliggjandi svæði ýmist landbúnaðarland eða frístundabyggð. Hallkelshólar eru í um 2 km fjarlægð norðan við Biskupstungnabraut og tæpum 4 km frá þéttbýliskjarnanum Borg í Grímsnesi.



Mynd 1 Yfirlitsmynd af skipulagssvæðinu - map.is

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032


Skipulagssvæðið er skilgreint sem iðnaðarsvæði I13.

Í kafla 3.2.7 er eftirfarandi stefna iðnaðarsvæða (I):

- Að sköpuð verði ákjósanleg skilyrði fyrir nýja atvinnustarfsemi, s.s. framleiðslu- og matvæla- og iðnaðarvæði.
- Að frekari orkuvinnsla verði heimiluð í sem mestri sátt við náttúru og umhverfi, einkum til að styðja við atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu. Umfangsmikil orkuvinnsla verði einkum þróuð út frá núverandi iðnaðarsvæðum.
- Að unnið verði að umbótum í sorphirðumálum, m.a. með meiri flokkun sorps, endurvinnslu og endurnýtingu.
- Að umfang og staðsetning starfsemi sem getur haft mengun í för með sér verði í grunduð m.t.t. áhrifa á byggð og náttúru.

TAFLA 1. Hluti töflu 9 um iðnaðarsvæði í gildandi greinargerð Grímsnes- og Grafningshrepps.

NR	HEITI	STÆRÐ (HA)	LÝSING OG SKILMÁLAR	JÖRÐ
I13	Hallkelshólar	3	Fiskeldi við Hallkelshóla. Horft verður til endurnýtingar fasts efnis í frárennsli frá starfsemi.	Hallkelshólar



MYND 2. Hluti Aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Skipulagssvæðið er innan rauða hringins.

3.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038 – tillaga að þingályktun

Í landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál. Hún tekur til vernd og ráðstöfun lands á hálendi Íslands, í þéttbýli og dreifbýli og sjálfbærri nýtingu haf- og strandsvæða. Landsskipulagsstefna byggir á þeirri framtíðarsýn í skipulagsmálum um „að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum.“

Í stefnunni eru sett fram þrjú markmið er snúa að *vernd umhverfis og náttúru*, velsæld samfélagsins og samkeppnishæfu atvinnulífi.

Kolefnishlutleysi er leiðarljós markmiðsins um vernd umhverfis og náttúru. Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Kolefnishlutleysi á að vera að leiðarljósi í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

Aðlögun að loftslagsbreytingum er leiðarljós markmiðsins um *velsæld samfélagsins* og skal skipulag stuðla að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinum byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegu umhverfi. Loftslagsaðlögun á að vera leiðarljós í skipulagi sem verður að stuðla að seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Markmið um *samkeppnishæft atvinnulíf* stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efli atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda.

3.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Breyting deiliskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Matinu er ætlað að upplýsa um möguleg áhrif af stefnu skipulagsins og finna leiðir til að draga úr mögulegum neikvæðum umhverfisáhrifum.

4.1 Valkostir

Stefna deiliskipulags verður borin saman við núverandi ástand (núll-kost).

4.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu deiliskipulags verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 2 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginspurningar er að finna í töflunni. Nánar verður gerð grein fyrir umhverfisviðmiðum í greinargerð deiliskipulags. Gert verður grein fyrir umhverfisáhrifum og mótvægisáðgerðum í deiliskipulagi.

TAFLA 2. Umhverfisþættir, viðmið og matsspurningar.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i> <i>Landnotkun.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag og skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi. Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið og stuðli að auknu fæðuöryggi þjóðarinnar. <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> <ul style="list-style-type: none"> Að sveitarfélagið verði til fyrirmyndar fyrir snyrtilegt yfirbragð byggðar. Öll mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað og gæta samræmis við nálægar byggingar. 	Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis? Hefur stefnan áhrif á landslagsheildir? Hefur stefnan áhrif á landnotkun?
Loftslagsmál <i>Kolefnisbinding.</i> <i>Kolefnishlutleysi.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi. <i>Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.</i>	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið?
Náttúrufar <i>Gróður.</i> <i>Vistkerfi.</i> <i>Jarðvegur.</i> <i>Búsvæði dýra.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla skal að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. <i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i> <ul style="list-style-type: none"> Að gæta umhverfissjónarmiða við skipulag svæða og öll landnýting verði í sátt við náttúruna. <i>Vistgerðarkortlagning NÍ.</i> <ul style="list-style-type: none"> VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði.VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. 	Hefur stefnan áhrif á gróður, jarðveg og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Heilnæmt umhverfi <i>Mengun og hávaði.</i> <i>Vatnsvernd.</i>	<i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i> <ul style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði heilnæmt umhverfi í dreifbýli tryggt með viðeigandi ráðstöfunum varðandi 	Er hættu á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á vatnshlot?

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<p>vatnsvernd, vatnsveitu, fráveitu, úrgangsméðhöndlun, hljóðvist og loftgæði.</p> <p><i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Fráveitukerfi hönnuð til að mæta kröfum um fullnægjandi hreinsun og að ekki sé hætt á mengun jarðvegs, yfirborðvatns eða grunnvatns. <p><i>Vatnaáætlun Íslands 2020-2037.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. <p><i>Reglugerð um hávaða 724/2008.</i> <i>Reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999.</i> <i>Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.</i></p>	
<p>Samfélag <i>Þjónusta við ferðamenn.</i> <i>Atvinnulíf.</i> <i>Íbúar.</i></p>	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. <p><i>Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Efla byggð og atvinnulíf í sveitarfélaginu og stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum. 	<p>Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á íbúa á nærliggjandi lóðum?</p>
<p>Náttúru- og menningarminjar <i>Fornminjar.</i></p>	<p><i>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, sérstæðrar náttúru- og menningarminja. <p><i>Aðalskráning fornminja.</i> <i>Lög um menningarminjar nr. 80/2012.</i> <i>Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á náttúru- eða menningarminjar?</p>

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar.

Skipulagslýsingin verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu sveitarfélagsins. Samhliða verður hún kynnt í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Umsagnir og athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í Skipulagsgátt.

5.1 Umsagnaraðilar

Óskað er eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Fiskistofa

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þá m.a. innan stjórnýslu sveitarfélagsins.

5.2 Skipulagsferli

Eftirfarandi er líklegt skipulagsferli.

